



Borgarráð

Reykjavík, 6. ágúst 2024
USK24080022

Leikskóli Hlaðhömrum 52 – Endurgerð eldra húss og viðbygging.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna viðbyggingar og endurgerðar eldra húss leikskólans við Hlaðhamra 52 í Grafarvogi.

Kostnaðaráætlun 2 er 334 m.kr.

Greinargerð:

Um er að ræða endurbætur á eldra húsnæði leikskólans og smíði á einni færanlegri leikskólastofu ásamt tengibyggingu og frágangi lóðar.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í lok september 2024 og að þeim ljúki í maí 2025.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun 2: 334 m.kr.

Guðni Guðmundsson, staðgengill skrifstofustjóra
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Kynning



Leikskóli Hlaðhömrum 52

Endurgerð eldra húss og viðbygging

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér að endurbæta 126 m² eldra húsnæði og fullgera eina færanlega leikskólastofu ásamt tengibyggingu, alls 196,5 m²
- Leikskólastofan og tengibygging eru byggðar úr timbri á stálbitum. Hverja húseiningu verður hægt að flytja í heilu lagi, setja niður á lóðina og tengja saman.
- Framkvæmdin er boðin út fullhönnuð sem heildarverk, smíði, flutning eininga á leikskólalóðina og frágang lóðar.
- Framkvæmdin er öll innan lóðar leikskólans að Hlaðhömrum 52.








Yfirlitsmynd





Yfirlitsmynd





Kostnaður og verktími

- Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er samtals 334 m.kr með frávik frá -5% að +10%.
- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í lok september 2024 og áætlað að þeim ljúki í maí 2025.



Markmið og stefna

Framkvæmdin styður við stefnu Reykjavíkurborgar um að fjölga leikskólaplássum og er hluti af verkefninu „Brúum bilið“.

Með framkvæmdinni mun leikskólaplássum fjölga um 30 – 35.





Reykjavík